REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum í Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 28. maí 1994 eru rækjuveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1.	65°27,5'N – 24°00'V
2.	65°05,0'N – 24°00'V
3.	64°57,0'N – 24°20'V
4.	64°55,0'N – 24°30'V
5.	65°29,4'N – 24°30'V

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skipum sem stunda rækjuveiðar með seiðaskilju heimilt að stunda veiðar á ofangreindu svæði. Skiljunni skal komið fyrir í belg vörpunnar. Bil á milli rimla skal vera 21 mm og halli grindarinnar um 48°. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur sem ekki sleppur í gegnum skiljuna skilst út.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. maí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.